

**SAMÞYKKT****um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Akureyrarkaupstað,  
nr. 44 28. apríl 1954.**

## 1. gr.

6. mgr. 73. gr., sbr. samþykkt nr. 4 5. janúar 1984, orðist svo:

Leiktæki má reka frá kl. 12.00–23.30 daglega. Þó skal vera lokað eftirtalda daga: Föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag, aðfangadag jóla, jóladag, gamlársdag og nýársdag. Starfsmenn við leiktæki skulu ekki vera yngri en 18 ára.

## 2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Akureyrar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir, nr. 36, 18. maí 1988, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2. mars 1992.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*